

Þingsályktun

um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Alþingi ályktar, í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd eftirfarandi áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Áætlun þessi komi í stað áætlunar samkvæmt þingsályktun nr. 13/141, með síðari breytingu.

Samkvæmt áætluninni verði tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í áætluninni skal í samræmi við markmið laga nr. 48/2011 lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar.

VERNDAR- OG ORKUNÝTINGARÁÆTLUN

Alþingi ályktar að eftirfarandi virkjunarkostir sem falla undir lög nr. 48/2011 skuli flokkaðir í eftirfarandi flokka:

1. Orkunýtingarflokkur.

A. Vatnasvið

Landshluti	Vatnasvið/svæði	Virkjunarkostur	Nr.
Suðurland	Þjórsá	Hvammsvirkjun	R3129A
Vestfirðir	Austurgil	Austurgilsvirkjun	R3157A
Vestfirðir	Ófeigsfjörður	Hvalárvirkjun	R3104B
Norðurland	Blanda	Veituleið Blönduvirkjunar	R3105A

B. Háhitavæði

Landshluti	Háhitavæði	Virkjunarkostur	Nr.
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	Hverahlíð II	R3271B
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	Þverárdalur	R3257A
Reykjanesskagi	Hengilssvæði	Meitillinn	R3269A
Reykjanesskagi	Reykjanessvæði	Stóra-Sandvík	R3262A
Reykjanesskagi	Svartsengissvæði	Eldvörp	R3263A

Reykjaneskagi	Krýsuvíkursvæði	Sandfell	R3264A
Reykjaneskagi	Krýsuvíkursvæði	Sveifluháls	R3266A
Reykjaneskagi	Krýsuvíkursvæði	Austurengjar	R3267A
Norðausturland	Námafellssvæði	Bjarnarflagsvirkjun	R3297A
Norðausturland	Kröflusvæði	Kröfluvirkjun	R3298A

C. Vindorka

Landshluti	Vindorkusvæði	Virkjunarkostur	Nr.
Suðurland	Búrfellslundur	Búrfellslundur	R4301B
Norðurland	Blöndulundur	Blöndulundur	R3302A

2. Biðflokkur.

A. Vatnasvið

Landshluti	Vatnasvið/svæði	Virkjunarkostur	Nr.
Suðurland	Hólmsá	Hólmsárvirkjun	R3119A
Suðurland	Hólmsá	Hólmsárvirkjun við Atley	R3121A
Suðurland	Hagavatn	Hagavatnsvirkjun	R3139A
Suðurland	Stóra-Laxá	Stóra-Laxá	R3141A
Suðurland	Hvítá	Búðartunguvirkjun	R3134A
Suðurland	Skrokkalda	Skrokkölduvirkjun	R3126A
Suðurland	Þjórsá	Holtavirkjun	R3130A
Suðurland	Þjórsá	Urriðaholtsvirkjun	R3131A
Suðurland	Þjórsá – vestur	Kjalölduveita	R3156A
Norðurland	Héraðsvötn	Skatastaðavirkjun C	R3107C
Norðurland	Héraðsvötn	Skatastaðavirkjun D	R3107D
Norðurland	Héraðsvötn	Villinganesvirkjun	R3108A
Norðurland	Héraðsvötn	Blanda, Vestari-Jökulsá	R3143A

B. Háhitasvæði

Landshluti	Háhitasvæði	Virkjunarkostur	Nr.
Reykjaneskagi	Krýsuvíkursvæði	Trölladyngja	R3265A
Reykjaneskagi	Hengilssvæði	Innstidalur	R3273A
Suðurland	Hágöngur	Hágönguvirkjun	R3291A
Norðausturland	Fremrinámar	Fremrinámar	R3296A

3. Verndarflokkur.

A. Vatnasvið

Landshluti	Vatnasvið/svæði	Virkjunarkostur	Nr.
Norðurland	Skjálfandafljót	Fljótshnúksvirkjun	R3109A
Norðurland	Skjálfandafljót	Hrafnabjargavirkjun A	R3110A
Norðurland	Skjálfandafljót	Hrafnabjargavirkjun B	R3110B
Norðurland	Skjálfandafljót	Hrafnabjargavirkjun C	R3110C
Suðurland	Skaftá	Búlandsvirkjun	R3140A
Suðurland	Djúpá	Djúpárvirkjun	R3114A
Suðurland	Markarfljót	Markarfljótsvirkjun A	R3122A
Suðurland	Markarfljót	Markarfljótsvirkjun B	R3123B
Suðurland	Þjórsá – vestur	Norðlingaölduveita	R3127B

B. Háhitasvæði

Landshluti	Háhitasvæði	Virkjunarkostur	Nr.
Reykjaneskagi	Hengilssvæði	Bitra	R3274A
Reykjaneskagi	Hengilssvæði	Grændalur	R3277A

Samþykkt á Alþingi 15. júní 2022.